


Júní 2025



Þjóðgarður í Þórsmörk?



Júní 2025

-Skýrsla starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um beiðni sveitarfélagsins Rangárbíngs eystra að kanna fýsileika þess að stofna þjóðgarð í Þórsmörk.

Útgefandi:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Júní 2025

www.stjornarradid.is

©2021 Umhverfis-og auðlindaráðuneytið

ISBN 978-9935-566-00-3 (prentuð útgáfa)

ISBN 978-9935-566-01-0 (rafræn útgáfa)

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Vinna starfshóps.....	8
1.1 Helstu niðurstöður fundanna.....	8
2. Þórsörk	10
2.1 Náttúra.....	10
2.2 Búseta og landnýting fyrr á öldum.....	15
2.3 Þjóðlendur	15
2.4 Skipulagsmál í Þórsörk	16
2.5 Útivist og ferðapjónusta.....	17
2.6 Samgöngur.....	19
2.7 Starfsemi Lands og skógar.....	19
3. Hvað er þjóðgarður?	21
3.1 Skilgreining í lögum um náttúruvernd.....	21
3.2 Íslenskir þjóðgarðar	21
3.3 Stjórnskipulag þjóðgarða.....	21
3.4 Tengsl við skipulagsmál sveitarfélags	22
4. Ferli friðlýsingar	23
5. Hagræn og samfélagsleg áhrif þjóðgarða.....	24
5.1 Rannsóknir.....	24
5.2 Möguleg áhrif í nærsamfélagi Þórsmerkur	25
6. Tillögur/niðurstaða vinnu starfshóps.....	27

Myndaskrá

Mynd á forsíðu: iStock/imagoDens.

Mynd á blaðsíðu 36: Elín Björk Jónasdóttir.

Mynd 1 Valahnúkur árið 1953. Mynd tekin af Einari Þ. Guðjohnsen.....	10
Mynd 2 Valahnúkur 2018. Mynd tekin af Hreini Óskarssyni.....	11
Mynd 3 Vistgerðir í Þórsmörk.....	12
Mynd 4 Vistkerfi og jarðminjar https://serstokvernd.ni.is/	13
Mynd 5 Birki í Þórsmörk https://www.skogur.is/static/files/landupplýsingar/Birki_Island_2017_strandlina_A2_haf.pdf	14
Mynd 6 Þjóðlendur https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/thjodlendur-kort.pdf	16

Inngangur

Þórsmörk er ein helsta náttúruperla Íslands, ásamt því að vera útivistarparadís sem íslenskir og erlendir gestir njóta árið um kring. Náttúran á svæðinu hefur tekið miklum breytingum eftir að samkomulag um friðun skóga náðist í byrjun 20. aldar og þar þrífst fjölbreytt starfsemi tengd ferðaþjónustu og útivist.

Hugmyndir um samspil nýtingar og náttúruverndar í Þórsmörk hafa komið fram í gegnum tíðina. Fyrir liggur að beitarfriðunin í upphafi 20. aldar var mjög stórt skref í náttúruvernd á svæðinu. Árið 1996 voru Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum sett á náttúruminjaskrá, á grunni þágildandi laga um náttúruvernd, vegna fjölbreytts og fagurs landslags, skóglendis í skjóli jökla, og vegna vinsælda sem útivistarsvæði.

Umræða um vernd náttúru Þórsmörkursvæðisins kemur fyrir í bókinni *Þórsmörk – vinin í skjóli jökla*, eftir Þórð Tómasson, þáverandi safnvörð Byggðasafnsins í Skógum undir Eyjafjöllum. Þar ræðir Þórður um hugmyndina *Þjóðgarðinn Þórsmörk* og segir:

Þá er rétt að hafa í huga að ekki er ólíklegt að Þórsmörk og nálægir afréttir verði fyrr en seinna gerð að þjóðgarði og víst er að Þórsmörkurþjóðgarður sómdi sér vel í hópi íslenskra þjóðgarða. Það er í raun orðið tímabært að taka upp þá umræðu hvort ekki sé rétt að þetta óviðjafnanlega landsvæði njóti verndar þeirra laga sem í gildi eru um þjóðgarða þessa lands.¹

Þórsmörkursvæðið var svo eitt af tillögunum Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnunar) á náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004–2008. Tillagan var að Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum yrðu gerð að friðlandi. Forsendur tillögunnar voru að þar væru síðustu leifar náttúrulegra birkiskóga á svæðinu, fjölbreytt og stórfenglegt landslag og að útivistargildi svæðisins væri mikið.² Tillagan endaði ekki í samþykktari náttúruverndaráætlun Alþingis.

Þórsmörkursvæðið er innan skipulagsmarka sveitarfélagsins Rangárbíings eystra. Á fundi sveitarfélagsins með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í janúar 2024 var farið yfir sýn sveitarfélagsins og helstu hagsmunamál. Á fundinum komu fram þau sjónarmið heimafólks að meginviðfangsefni í sveitarfélaginu sneru að því að styrkja samkeppnisstöðu þess til búsetu, svo sem með áfangastað ferðafólks með stofnun þjóðgarðs og að stuðla að fjármögnun á innviðauppbýggingu á svæðinu til að mæta auknum fjölda gesta. Fyrir lá að mikilvægt væri að kanna hug nærsamfélagsins til þessarar hugmyndar.

¹ Þórður Tómasson (2012). *Þórsmörk – vinin í skjóli jökla*. Sögur ehf. í samstarfi við Nýhöfn, bls. 155.

² <https://vefsafn.is/is/20051103023551/http://www.ust.is/media/skyrslur2003/Thorsmork.pdf>

Sveitarstjórn Rangárbings eystra bókaði á fundi sveitarstjórnar í maí 2024 að óskað yrði eftir því við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið að hafin yrði skoðun á fýsileika þess að stofna þjóðgarð í Þórsmörk samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Í framhaldi af beiðni sveitarfélagsins var skipaður starfshópur í júlí 2024 af Guðlaugi Þór Þórðarsyni, þáverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, sem falið var að undirbúa og meta kosti þess að stofna þjóðgarð á Þórsmörkumsvæðinu, m.t.t. áhrifa á samfélag, þróun ferðaþjónustu á svæðinu og umhverfi og efnahag.

Starfshópurinn var þannig skipaður:

Drífa Hjartardóttir, formaður hóps og fyrrverandi alþingismaður, Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárbings eystra, og Rafn Bergsson, í sveitarstjórn Rangárbings eystra.

Með hópnum störfuðu Steinar Kaldal, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, og Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Náttúruverndarstofnun.

1. Vinna starfshóps

Starfshópurinn lagði áherslu á það í vinnu sinni að leita samráðs við íbúa Rangárbings eystra sem og aðra hagaðila. Aðilar voru boðaðir til fundar við hópinn, tilurð verkefnisins kynnt og kallað eftir skoðunum fundarmanna. Starfshópurinn hafði ekki mótað sér skoðanir um hver mörk mögulegs þjóðgarðs gætu verið, en horfði til þjóðlendnanna á svæðinu sem mögulegra marka hans.³

Alls voru haldnir 10 fundir. Fundað var með skipulags- og umhverfisnefnd Rangárbings eystra, Landi og skógi, Náttúruverndarstofnun, fjallskilanefnd Fljótshlíðar, fjallskilanefnd Vestur-Eyjafjalla, Ferðafélagi Íslands (FÍ) og ferðafélaginu Útivist. Einnig var rætt við Kristín Jónasson, bæjarstjóra Snæfellsbæjar, til að fá upplýsingar um reynslu sveitarfélagsins af Snæfellsjökulspjóðgarði. Þá voru tveir fundanna opnir almenningi, annars vegar fundur þar sem sérstaklega var óskað eftir mætingu ferðapjónustuaðila á svæðinu og hins vegar opinn íbúafundur.

1.1 Helstu niðurstöður fundanna

Helstu gallar og áhyggjur:

- Ótti við of mikla ríkisvæðingu, stofnavæðingu og miðstýringu sem gæti dregið úr frumkvæði heimamanna.
- Áhyggjur af aukinni fjöldaferðamennsku sem gæti tekið sjarmann og náttúrustemninguna úr Þórsmörk.
- Áhyggjur afréttareigenda um að þriðji aðili nýti hlunnindi þeirra án samþykkis.
- Sumir telja núverandi stjórnun nægilega góða og ekki þörf á að stofna þjóðgarð.
- Spurt um umfang reglna, sérstaklega varðandi ferðamáta eins og fjallahjól og hestaferðir.
- Áhyggjur af framkvæmdastjórn, mögulega flókin stjórnsýsla.
- Ekki allir telja að fjármagni sé best varið í þjóðgarðsform, heldur frekar að beina styrkjum til sveitarfélagsins.

³ Sjá kafla 2.3 Þjóðlendur.

Helstu kostir:

- Skýr framtíðarsýn og umgjörð fyrir svæðið.
- Bætt yfirsýn, skipulag og stjórn, í höndum heimamanna.
- Fjármögnun gæti batnað með formlegum þjóðgarði, aukin atvinnutækifæri möguleg.
- Þjóðgarður gæti tryggt góða umsjón sem þegar er hafin (t.d. stigagerð, landvörslu og náttúruvernd).
- Ferðafélög og Land og skógur nefndu ágæta reynslu af samlegð við þjóðgarða annars staðar á landinu.
- Tækifæri fyrir sveitarfélagið til að auka samstarf og bæta innviði á svæðinu.
- Þjóðgarður getur aukið öryggi ferðamanna og bætt upplýsingagjöf.

Almenn niðurstaða: Kostur fylgi því að með þjóðgarði fylgi skýrari rammi og mögulega aukið fjármagn og umsjón með svæðinu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að halda umsjón og stjórnun í höndum heimamanna, ásamt því að huga að náttúrunni og að sjarmi og gæði svæðisins glatist ekki. Hins vegar ríkja efasemdir um miðstýringu, stofnanavæðingu og að þjóðgarður geti aukið fjölda gesta um of á svæðinu.

2. Þórsmörk

2.1 Náttúra

Gróðurfar⁴

Gróðurfar Þórsmerkursvæðisins er nú svipað því gróðurfari sem klæddi 40 prósent Íslands fyrir landnám. Hörður Kristinsson, grasafræðingur, skráði á árunum 1977-1987 nær allar plöntutegundir sem fundist hafa í Þórsmörk. Það leiddi í ljós að á tíma skráningarinnar fundust alls 170 tegundir. Það er þó öllum ljóst sem koma í Þórsmörk að einkennisplanta svæðisins er birkið. Því má þakka framsýnum bændum og embættismönnum sem gripu í taumana í upphafi 20. aldar þegar skógar svæðisins voru nánast horfnir og jarðvegseyðingin slík að hætta var á að landið yrði örfoka.



Mynd 1 Valahnúkur árið 1953. Mynd tekin af Einari Þ. Guðjohnsen.

Fremstur í flokki þeirra heimamanna sem vildu friða Merkursvæðið fyrir beit var Árni Einarsson í Múlakoti. Í kjölfar Kötlugossins 1918, þegar vikur þakti svæðið og það var talið óhæft til vetrarbeitar, tókst fyrir tilstilli Árna að fá samþykki allra bænda í Fljótshlíð fyrir því að beit yrði hætt og að Skógræktinni yrði falið að sjá um friðun svæðisins. Í kjölfarið var friðun þess helmings Þórsmerkur sem tilheyrði Odda og Breiðabólssstað samþykkt og þar með var komið samkomulag um friðun skóga á Þórsmerkursvæðinu. Árið 1990 samdi svo Landgræðsla ríkisins við Vestur-Eyfellinga um friðun Almenninga, Steinsholts og Stakkholts

⁴ Texti kaflans byggir á upplýsingum fengnum úr grein Hreins Óskarssonar, *Þórsmörk og Goðaland. Saga friðunar birkiskóga og starf Skógræktar ríkisins á svæðinu*, skráð 13. desember 2013 á <https://skogur.is/manjaro.stefna.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/thorsmork-og-godaland> (sótt 3. janúar 2025).

og við það stækkaði hið friðaða svæði um helming. Því var lítið sem ekkert sauðfé á Þórsmörkursvæðinu í 20 ár, frá 1990 til 2011. Árið 2012 fóru beitarréttarhafar á Almenningum aftur að reka sauðfé á afréttinn.




Mynd 2 Valahnúkur 2018. Mynd tekin af Hreini Óskarssyni.

Ýmsar vistgerðir er að finna í Þórsmörk, svo sem mólendi, graslendi, votlendi og skóglendi. Eins og sjá má á mynd 3 hefur birkiskógur breitt vel úr sér á svæðinu og þekur nú stóran hluta þess.⁵

⁵ <https://vistgerdakort.ni.is/>

Mynd 3 Vistgerðir í Þórsmörk



Jarðfræði⁶

Þrjú eldfjöll umkringja Þórsmörk. Eyjafjallajökull liggur að svæðinu að sunnan. Norðan og norðvestan við Þórsmörk eru Tindfjöll og Tindfjallajökull og í austri lúrir svo Katla, ein öflugasta megineldstöð landsins, sem Mýrdalsjökull hylur að mestu.

Talið er að nær allt berg í Þórsmörk og Almenningum hafi myndast á síðasta jökulskeiði. Á stöku stað finnst bólstraberg og basalt, t.d. innst í Langadal, og í hlíðum Mýrdalsjökuls er líparítlag sem myndaðist við gos undir jöklum. Það sem einkennir hins vegar meginhluta Þórsmörkursvæðisins jarðfræðilega eru móbergsmýndanir. Móberg er bergtegund, sem verður til við gos undir jökli eða vatni þar sem gosopið er nálægt eða rétt undir yfirborðinu.

Haraldur Sigurðsson, eldfjallafræðingur, hefur stungið upp á því að ef einhver bergtegund sé „steinn Íslands“, þá sé það móberg. Ástæðan er sú að það er algengt á Íslandi en sjaldgæft annars staðar.⁷ Móbergsmýndanir eru auðgræfar og því hafa jöklar og vatnsföll mótað Þórsmörkursvæðið í gegnum tíðina og

⁶ Texti kaflans byggir að mestu á kaflanum *Steinaríkið* í bók Þórðar Tómassonar (2012), *Þórsmörk - vinin í skjóli jökla*.


⁷ Kristján Már Unnarsson. (2015, 22. febrúar). Hvaða bergtegund er steinn Íslands? *Vísir* <https://www.visir.is/g/2015150229753/hvada-bergtegund-er-steinn-islands-> (sótt 3. janúar 2025).

skapað það einstaka landslag sem þar finnst. Rannsóknir á Markarfljótsaurum hafa t.d. leitt líkur að því að skriðjökull hafi gengið út dalinn milli Tindfjalla og Eyjafjallajökuls og mótað þannig landslagið á svæðinu.

Sérstök vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga


Í 61. gr. náttúruverndarlaga eru talin upp þau vistkerfi⁸ og þær jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Í því felst að forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem þar eru talin upp nema brýna nauðsyn beri til og þá er skylt að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Ef veita skal leyfi skal leyfisveitandi leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar er yfirlit yfir vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar, að undanskildum upplýsingum um birkiskóga (mynd 2). Yfirlit yfir þekju þeirra í Þórmörk er að finna á skjali Lands og skógar (mynd 3). Hlekkir á þessi vefsvæði eru við myndir 2 og 3.



Mynd 4 Vistkerfi og jarðminjar <https://serstokvernd.ni.is/>

⁸ Vistkerfi skv. 27. tölulið 5. gr. náttúruverndarlaga: Safn lífvera sem hafast við í afmörkuðu rými af tiltekinni gerð, ásamt öllum verkunum og gagnverkunum meðal lífveranna og tengslum þeirra við lífræna jafnt sem ólífræna umhverfispætti sem tilheyra kerfinu, svo sem loft, vatn, jarðveg og sólarljós.



Mynd 5 Birki í Þórsmörk

https://www.skogur.is/static/files/landupplýsingar/Birki_Island_2017_strandlina_A2_haf.pdf

Dýralíf⁹

Dýralífið í Þórsmörk er ekki talið frábrugðið því dýralífi sem þrífst almennt á Íslandi. Með auknum gróðri á svæðinu hafa fylgt fleiri skordýr, þau sömu og finna má annars staðar á landinu, svo sem snigla, fiðrildi, köngulær og flugur. Í árnar ganga fiskar. Sjöbirtingur og sjóbleikja hafa sem dæmi veiðst í Markarfljóti og sjóbleikja í Krossá í mynni Langadals. Villt spendýr fyrirfinnast líka í Þórsmörk, svo sem húsamús og refur. Þá hefur minkurinn náð fótfestu á svæðinu eins og víðar um landið. Þau dýr sem flestir verða varir við eru eflaust fuglarnir. Af staðfuglum er rjúpan algeng í Þórsmörk og henni fylgir fálkinn. Músarrindill er einnig staðfugl á svæðinu. Þórður Tómasson, höfundur bókarinnar sem þessi kafli nýtir efnivið úr, nefnir í bók sinni að ef til vill megi telja músarrindilinn einkennisfugl Þórsmörkur þar sem hann verpir víða við læki í birkiskóginum og í giljum Þórsmörkur. Aðrir staðfuglar eru hrafn, fyll og auðnutittlingur. Farfuglar sem koma í Þórsmörk eru t.d. straumönd, rauðhöfðaönd, lómur, smyrill, tjaldur, hrossagaukur, maríuerla, skógarpröstur, þúfutittlingur, steindepill, kjói og skúmur, svartbakur, sílamáfur og hettumáfur.

⁹ Texti kaflans byggir að mestu á kaflanum *Dýralífið* í bók Þórðar Tómassonar (2012), *Þórsmörk – vinin í skjóli jökla*.

2.2 Búseta og landnýting fyrir á öldum

Saga búsetu og nytja á Þórsmerkursvæðinu nær til upphafs byggðar á Íslandi. Menningarmínjar leiða líkum að því að búseta hafi byrjað í Þórsmörk rétt eftir landnám, um árið 900. Á svæðinu hafa fundist rústir fjögurra bæja, þriggja í Þórsmörk og eins á Almennungum.¹⁰ Rannsóknir á jarðvegssniðum benda til þess að byggð hafi lagst af fyrir árið 1300 eftir að ofbeit og ósjálfbær nýting skógarins leiddi til jarðvegseyðingar fljótlega eftir að búseta hófst.¹¹ Sérfræðingar telja að eftir að byggð lagðist af hafi gróður og skógur breiðst út á ný þrátt fyrir að kuldatímabilið litla ísöldin hafi byrjað á sama tíma.¹²

Á miðöldum var nýtingarréttur til beitar, ásamt skógarhöggi og kolagerð, kominn í hendur kirkjunnar á Odda, Breiðabólstað, Holti og Stóra-Dal undir Eyjafjöllum. Auk þess áttu bændur í Fljótshlíð nýtingarrétt á helmingi Þórsmerkur. Þessi ítök, einkum beitarrétturinn, voru stundum leigð út til annarra bænda. Líklegt er að ágangur á skóga í Þórsmörk hafi aukist eftir því sem skógar nær byggð eyddust, svo sem hinir víðfeðmu skógar á Langanesi milli Stóru-Merkurbæja og Steinsholts. Sem dæmi kvörtuðu bændur á Stóru-Mörk árið 1709 undan því að jörðin væri „undirlögð af átroðningi ferðafólks“ sem nýtti skóginn og ræki fé til beitar á afréttinn.¹³

Á 18. öld höfðu skógar á Þórsmerkursvæðinu að mestu eyðst. Það má m.a. sjá af því að Þórsmörk er ekki nefnd í upptalningu þeirra skóga í Rangárvallasýslu sem taldir voru nýtanlegir, hvorki í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá upphafi 18. aldar né í sýslulýsingu Rangárvallasýslu frá árinu 1744.

2.3 Þjóðlendur

Um þjóðlendur gildir að íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Þjóðlendurnar eru því landsvæði utan eignarlanda en einstaklingar eða lögaðilar kunna þó að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.¹⁴ Þjóðlendum er skipt í þrjá flokka: 1. þjóðlendu og afrétt, 2. þjóðlendu í afréttareign, 3. aðrar þjóðlendur (jökla/land utan jökla).


¹⁰ Guðrún Sveinbjarnardóttir (1982). Byggðaleifar á Þórsmörk. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1982. Bls. 20-61.

¹¹ Dugmore, A. J., Church, M. J., Mairs, K.-A., McGovern, T. H., Newton, A. J. og Sveinbjarnardóttir, G. (2006). 'An over-optimistic pioneer fringe? Environmental perspectives on medieval settlement abandonment in Þórsmörk, south Iceland', í Dynamics of northern societies: proceedings of the SILA/NABO Conference on Arctic and North Atlantic Archaeology, Kaupmannahöfn, 10.-14. maí 2004. Copenhagen: Aarhus University Press, PNM studies in archaeology history (10). Bls. 335-345.

¹² Hreinn Óskarsson og Björn Traustason (2023). Aldarfriðun Þórsmerkur- og Goðalandsskóga. Breytingar á Skógarþekju. Skógræktin.

¹³ Guðrún Sveinbjarnardóttir (1982). Byggðaleifar á Þórsmörk. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1982, bls. 20-61.

¹⁴ 1.-2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur.



Mynd 6 Þjóðlendur <https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/thjodlendur-kort.pdf>

Eins og sést á korti óbyggðanefndar flokkast Þórsmörkursvæðið sem þjóðlenda í afréttareign. Þjóðlenda telst í afréttareign ef afréttur tilheyrir eigendum tiltekinnar jarðar, einnar eða fleiri. Afréttur er almennt skilgreindur sem hvers konar land ofan byggða sem notað er til sumarbeitar fyrir búfé. Þegar talað er um þjóðlendu og afrétt er um að ræða afrétt sveitarfélags þar sem ótiltekinn fjöldi jarða sveitarfélagsins hefur þann rétt sem afrétti fylgir. Munurinn á þessum flokkum felst í því hvort afrétturinn tilheyrir tilteknum jörðum eða öllum þeim jörðum sem tilheyra sveitarfélaginu. Afréttareign fylgir einnig réttur til fiskveiða í ám og vötnum. Þegar talað er um afréttareign er ekki átt við grunneignarréttinn að landinu heldur upprekstrar- og fiskveiðirétt og eftir atvikum önnur takmörkuð nýtingarréttindi. Ef hvorki er til staðar afréttur né afréttareign er um aðrar þjóðlendur að ræða þar sem enginn á tilkall til neinna óbeinna eignarréttinda.¹⁵

2.4 Skipulagsmál í Þórsmörk

Ábyrgð á skipulagsmálum í Þórsmörk er á forræði Rangárpings eystra. Í aðalskipulagi Rangárpings eystra er gert ráð fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæðum á þremur svæðum í Þórsmörk/Goðalandi. Um er að ræða Húsadal, Langadal og Bása. Deiliskipulag fyrir þessi svæði komst fyrst á í janúar

¹⁵ Sif Guðjónsdóttir (2005). „Megindrættir í þjóðlendumálum 1998-2005“, bls. 509. Tímarit lögfræðinga, bls. 495-534.

2018, en fram að þeim tíma hafði ekkert deiliskipulag verið í gildi á Þórsmörkursvæðinu. Skipulagið sjálft var nokkur ár í vinnslu og var haft víðtækt samráð á vinnslutíma þess við alla hagaðila. Úr varð að deiliskipulög innan Þórsmörkursvæðisins gera ráð fyrir lágstemmdri uppbyggingu innan svæðisins. Í Húsadal tekur deiliskipulag til núverandi bygginga FÍ sem sumar hverjar hafa staðið í áratugi á svæðinu. Einnig gerir deiliskipulag ráð fyrir fimm lóðum þar sem heimil verður minniháttar atvinnustarfsemi í tengslum við ferðapjónustu. Í Langadal tekur deiliskipulag til núverandi bygginga FÍ ásamt lóð undir aðstöðu fyrir Land og skóg til að sinna viðhaldi göngustíga á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu á nýjum lóðum í Langadal en heimilt er að auka óverulega við núverandi byggingarmagn á svæðinu. Í Básum tekur deiliskipulag til núverandi bygginga Útivistar þar sem einnig er gert ráð fyrir óverulegri aukningu á byggingarmagni. Einnig gerir deiliskipulag ráð fyrir fjórum lóðum þar sem heimil verður minniháttar atvinnustarfsemi í tengslum við ferðapjónustu.

Í svæðisskipulagi fyrir Suðurhálandið sem tók gildi árið 2024 er Húsadalur/Markarfljót skilgreint svæði fyrir hálendismiðstöð. Þar er verið að horfa á svæðið á norðurbakka Markarfljóts gegnt Húsadal. Með því móti yrði uppbygging hálendismiðstöðvar ekki á Þórsmörkursvæðinu sjálfu, heldur myndi tengjast því með göngubrú. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir göngubrú úr Húsadal yfir Markarfljót. Félag sem ber nafnið Vinir Þórsmörkur stóð fyrir því á sínum tíma í samvinnu við Vegagerðina að farið var af stað með hönnunarsamkeppni og í framhaldi hönnun á umræddri göngubrú. Framkvæmdir voru fjármagnaðar að hluta en frá því um 2017 hefur framkvæmdin ekki verið mikið í umræðunni og talsvert deildar meiningar eru uppi um hvort brúargerð sé æskileg.

Í samræmi við þjóðlendulög hefur Rangárþing eystra nú auglýst lóðir í Húsadal, Langadal og Básum lausar til úthlutunar. Umsóknarferli er ekki lokið en í framhaldinu verður gerður lóðaleigusamningur við þann aðila sem úthlutun hlýtur. Í framhaldinu mun sveitarfélagið einnig auglýsa þær óbyggðu lóðir sem lausar eru í Húsadal og Básum til úthlutunar. Eins og áður sagði gerir deiliskipulag þessara lóða og nærsvæða ráð fyrir lágstemmdri uppbyggingu í tengslum við ferðapjónustu.

2.5 Útivist og ferðapjónusta

Þórsmörk er að sönnu ein mesta útivistarperla landsins. Þangað sækja Íslendingar og aðrir ferðamenn í að njóta náttúrunnar í sinni fallegustu mynd. Tveir gestateljarar eru á svæðinu, annar á Fimmvörðuhálsi og hinn í Hamraskógi. Niður Fimmvörðuhálsinn koma um 15 þúsund manns á ári og 10 þúsund fara um skóginn. Þá eru um 100 þúsund ferðamenn sem koma í dagsferðir í Þórsmörk á hverju ári.¹⁶

¹⁶ Fundur starfshóps með Landi og skógi (munnleg heimild, 11. september 2024).

Eigna má Jóni „söðla“ Jónssyni heiðurinn af því að verða fyrstur til að kynna Þórsmörk og nágrenni sem útivistarsvæði.¹⁷ Jón var fæddur í Eyvindarholti undir Eyjafjöllum 1829. Svæðið þekkti hann eins og lófann á sér og tók að sér að fylgja innlendum og erlendum ferðamönnum inn í Þórsmörk. Árið 1898 birti Jón leiðbeiningar í tímaritinu Þjóðólfi fyrir erlenda ferðamenn sem ferðuðust um Rangárþing og Vestur-Skaftafellssýslu og þar er að finna töluverða umfjöllun um Þórsmörk. Þar segir m.a.:

Þá er Þórsmörk að norðanverðu með skógarbrekkum sínum, hnúkum og hamrabeltum, en að sunnanverðu er Eyjafjallajökull, með himinháum fellum og hengiflugum, sem útlandingum þykir eins mikið til koma eins og Þórsmörkur. Þetta er nú kallað Goðaland, en það Goðaland, sem Njála nefnir er allt annað; það liggur fyrir innan og norðan Þórsmörk; svo liggur Krossá í bugðum eptir endilöngum dalnum. [Þetta er landfláki sá, sem landnáma kallar „bjór“ og Jörundur goði fór eldi yfir og lagði til hofsins. Það nær inn úr dalbotni að Steinholtsá]. Skemmtilegast er að vera þar nótt og vera undir Búðarhamri ... Það er mjög tignarleg sjón að vera þar um sólar-uppkomu, þegar sólin fer að roða á jökulinn. Það segja allir útlingar, að sé sá yndislegasti blettur sem þeir hafi komið á á æfi sinni; þar er mót af Ítalíu og fegurðinni í Sviss, þó þar séu hærri fjöll og stórkostlegri.¹⁸

Í dag er boðið upp á aðstöðu fyrir ferðamenn á þremur stöðum þar sem hægt er að gista í húsum eða tjöldum. Fyrsta byggingin reis í Langadal árið 1954 þegar FÍ reisti Skagfjörðsskála. Í Langadal er einnig tjaldaðstaða. Árið 1980 fékk ferðafélagið Útivist leyfi Skógræktar ríkisins til að koma upp aðstöðu fyrir hús og tjaldgistingu í Básum. Í Húsadal setti svo Austurleið hf. upp hús árið 1981, lítið bjálkahús innflutt frá Finnlandi. Nú rekur fyrirtækið Volcano Huts þar ferðapjónustu og býður upp á gistingu í svokölluðum GLAMPING-lúxustjöldum, tveggja manna herbergjum, smáhúsum og skálum, auk þess sem þar er tjaldsvæði.

Fjölmargar gönguleiðir eru í Þórsmörk. Vinsælt er að ganga frá Skagfjörðsskála upp á Valahnúk til að fá útsýni yfir Þórsmörk. Ganga í Hamraskóg er líka nokkuð vinsæl og fyrir lengri ferðir þykja gönguferðir á Rjúpnafell eða Tindfjöll góður kostur. Þekktustu og vinsælustu gönguleiðirnar er þó Laugavegurinn og Fimmvörðuháls sem báðar liggja að Þórsmörk.

¹⁷ Þórður Tómasson (2012). *Þórsmörk – vinin í skjóli jökla*, bls. 213.

¹⁸ Þjóðólfiur, 46. tölublað (7. október 1898). *Leiðbeining fyrir útlenda ferðamenn í Rangárþingi og Vestur-Skaftafellssýslu*. <https://timarit.is/page/2031488#page/n1/mode/2up>

2.6 Samgöngur

Í bók Þórðar Tómassonar um Þórsmörk er vísað í frásögn af fyrstu bílferðinni í Þórsmörk.¹⁹ Bílferðin var farin 17. júní 1935. Sex ungir menn tóku sig til og keyrðu Ford-bifreið, árgætt 1929, inn í Húsadal og tjölduðu. Bifreiðin var í eigu Auðuns Ingvarssonar frá Dalseli undir Eyjafjöllum, en það voru synir hans, Ólafur sem var bílstjóri, Hafsteinn, Konráð og Valdimar sem fóru í ferðina ásamt Leó Ingvarssyni frá Neðri-Dal og Baldvini Sigurðssyni frá Steinmóðarbæ. Ferð sexmenninganna markaði upphaf nýs ferðamáta í Þórsmörk.

Samgöngur í Þórsmörk geta verið erfiðar og oft og tíðum torveldar. Á leið í Þórsmörk þarf að þvera margar ár, en þær helstar eru Akstaðaa, Jökulsá, Steinsholtsá, Hvanná og Krossá. Þverun þessara áa á leið í Þórsmörk er stór partur af ævintýrinu við að komast þangað. Engu að síður ber að umgangast þær með varúð því mörg slys hafa einnig átt sér stað á þessari leið. Talsvert hefur verið tekist á í gegnum tíðina um hversu greiðfært það á að vera að komast í Þórsmörk. Einhverjir telja að það eigi að vera uppbyggður og brúaður vegur alla leið, en aðrir vilja veginn eins torfæran og hægt er og ekki færan nema sérútbúnum bílum. Undanfarin ár hefur náðst ákveðið jafnvægi í þessum málum og er veginum ágætlega sinnt og flesta daga yfir sumartímann er leiðin fær 4x4 jeppum. Í gildandi skipulagi er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu núverandi vegar í Þórsmörk. Í kaflanum hér frammar um skipulagsmál var minnst á að skv. skipulagi er gert ráð fyrir göngubrú yfir Markarfljót í Húsadal. Þá væri einnig gert ráð fyrir uppbyggingu hálendismiðstöðvar á norðurbakka Markarfljóts gegnt Húsadal. Líkt og áður hefur komið fram var brúin hönnuð og fjármögnuð að hluta, en síðan hefur verið ekki unnið áfram. Ljóst er að ef kemur til framkvæmdar brúarinnar opnast sá möguleiki að unnt yrði að gera heilsársveg úr Fljótshlíð að brúarsporði gegnt Húsadal. Rétt er að ítreka hér að ákvörðun um þá vegagerð og byggingu brúarinnar hefur ekki verið tekin.

2.7 Starfsemi Lands og skógar

Eins og fyrr hefur komið fram fékk Skógrækt ríkisins (nú Land og skógur) Þórsmörk til umsjónar í upphafi 20. aldar, nánar tiltekið árið 1920, þegar samningur var gerður um friðun svæðisins. Bændur og ábúendur jarða í Fljótshlíð auk Oddakirkju afsöluðu sér beitarrétti og svæðið var sett í hendurnar á Skógrækt ríkisins með það að markmiði að bjarga birkiskógum Þórsmörkur. Fjórum árum síðar var Þórsmörk ásamt nálægum afréttum girt af. Árið 1990 var girðingin flutt vestar í kjölfar þess að fé var rekið aftur á Almenna og í dag lokar ein girðing við Gígjökul svæðinu öllu fyrir beit.²⁰ Frá þeim tíma sem Land

¹⁹ Frásögnin um bílferðina er í bókinni *Í sjónmáli fyrir sunnan: tuttugu frásagnir úr ýmsum áttum eftir Jón R. Hjálmarsson* sem gefin var út 1980.

²⁰ Þórsmörk <https://www.skogur.is/is/thjodskogar/sudurland/thorsmork>, sótt 21. janúar 2025.

og skógur tók við hefur svæðið verið í mikilli framför. Lítið hefur verið gróðursett af innfluttum trjategundum í Þórsmörk og hafa helstu verkefni Lands og skógar snúið að stígagerð og viðhaldi og lagfæringum á gönguleiðum á svæðinu, en gönguleiðirnar eru í heild um 70 km að lengd. Á undanförunum árum hefur verið unnið mikið og gott starf við lagfæringu göngustíga og uppgræðslu rofins lands með aðstoð sjálfbodaliða frá öllum heimsins hornum.²¹ Árlegir styrkir hafa fengist úr landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Haustið 2010 voru stofnuð samtök sem kallast Vinir Þórsmörkur. Að samtökunum standa Land og skógur (áður Skógrækt ríkisins), fólk og fyrirtæki í ferðapjónustu á svæðinu og Rangárþing eystra. Hafa þessi samtök unnið að því að leita styrkja til stígaviðhalds sem og að bæta aðgengi að Þórsmörk með göngubrú yfir Markarfljót.²²

Heildarupphæð sem greidd hefur verið til Þórsmörkursvæðisins úr landsáætlun stjórnvalda um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, og snýr að árlegu viðhaldi göngustíga, er 132,7 m.kr. og er ætluð vegna áfanga 2018-2025, að báðum árum meðtöldum. Fyrir 2018 naut stígaverkefnið styrkja frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða en styrkirnir runnu einnig til Vina Þórsmörkur og sveitarfélagsins, en styrkir námu tæplega 70 m.kr. á árunum 2012-2017.

²¹ Fundur starfshóps með Landi og skógi (munnleg heimild, 11. september 2024).

²² Þórsmörk og Goðaland <https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/thorsmork-og-godaland>, sótt 21. janúar 2025.

3. Hvað er þjóðgarður?

3.1 Skilgreining í lögum um náttúruvernd

Í íslenskum lögum um náttúruvernd er þjóðgarður skilgreindur á eftirfarandi hátt:

Friðlýsa má sem þjóðgarða stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag. Þegar tekin er ákvörðun um stofnun þjóðgarðs skal einnig líta til mikilvægis svæðisins í menningarlegu eða sögulegu tilliti. Friðlýsingin skal miða að því að vernda heildstæð náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið og tryggja aðgang almennings að því til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins. Leggja skal áherslu á fræðslu og upplýsingar í þessu skyni. Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist. Frjálsa för fólks samkvæmt almannarétti er aðeins hægt að takmarka á afmörkuðum svæðum í þjóðgörðum þar sem það er nauðsynlegt til að vernda plöntur, dýr, menningarminjar eða jarðminjar. Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.

3.2 Íslenskir þjóðgarðar

Þrjú svæði eru friðlýst sem þjóðgarðar á Íslandi: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Snæfellsjökulþjóðgarður og Vatnajökulþjóðgarður. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með sérlögum árið 1930. Snæfellsjökulþjóðgarður var stofnaður árið 2001 á grunni náttúruverndarlaga. Þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum voru stofnaðir á grunni þágildandi náttúruverndarlaga árin 1967 og 1973. Þeir urðu svo hluti af Vatnajökulþjóðgarði sem var stofnaður með sérlögum árið 2007.

3.3 Stjórnskipulag þjóðgarða

Rekstur og umsjón Vatnajökulþjóðgarðs og Snæfellsjökulþjóðgarðs voru sameinuð undir einni nýrri stofnun, Náttúruverndarstofnun, 1. janúar 2025. Stjórnskipulag þessara þjóðgarða er þó ólíkt. Landsvæði Vatnajökulþjóðgarðs nær yfir mörg sveitarfélög. Þjóðgarðinum er skipt í fjögur rekstrarsvæði og þar starfa fjögur svæðisráð. Í svæðisráðum sitja sex fulltrúar, þrír eru tilnefndir af sveitarstjórnnum á svæðinu, einn af ferðamálasamtökum, einn er fulltrúi útivistarsamtaka og einn frá umhverfisverndarsamtökum á svæðinu. Svæðisráð kýs sér formann og varaformann úr hópi sveitarstjórnarmanna og formenn svæðisráða mynda meirihluta í stjórn alls þjóðgarðsins.

Náttúruverndarstofnun fer með stjórn Snæfellsjökulþjóðgarðs. Með stofnuninni starfar þjóðgarðsráð sem er skipað fulltrúum stofnunarinnar, ferðapjónustusamtaka á Snæfellsnesi, Minjastofnunar Íslands, náttúru-


verndarsamtaka og Samtaka útivistarfélaga. Formaður þjóðgarðsráðs kemur frá sveitarfélaginu Snæfellsbæ. Þjóðgarðurinn er allur innan marka Snæfellsbæjar.

Í Þingvallabjóðgarði fer Þingvallanefnd með stjórn garðsins. Þingvallanefnd er skipuð þingmönnum.

3.4 Tengsl við skipulagsmál sveitarfélags

Eins og með aðrar friðlýsingar er það umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem staðfestir friðlýsingu svæða sem gerð eru að þjóðgarði. Staðfest friðlýsing er í framhaldi birt í Stjórnartíðindum. Skipulagsvald sveitarfélags helst óbreytt á svæðum sem eru friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Við vinnslu skipulagsáætlana sveitarfélaga á friðlýstu svæði, þ.m.t. þjóðgarðs, þurfa þær að taka mið af verndarákvæðum friðlýsta svæðisins. Í því samhengi er vert að benda á að sveitarfélögin útfæra sjálf í samvinnu við Náttúruverndarstofnun verndarákvæði friðlýsingar fyrir auglýsingu um friðlýsingu þegar friðlýsingarferlið á sér stað. Þannig geta sveitarfélögin í upphafi friðlýsingarferlis tekið mið af skipulagsáætlunum við gerð verndarákvæða.

Varðandi framfylgd skipulagsáætlana á friðlýstum svæðum bætist við leyfisskylda Náttúruverndarstofnunar vegna framkvæmda. Við vinnslu umsóknar um framkvæmdaleyfi metur Náttúruverndarstofnun möguleg áhrif framkvæmdar á verndargildi svæðisins og afgreiðir umsóknina til samræmis við áhrifamatið og gildandi deiliskipulag.




Náttúruverndarstofnun er umsagnaraðili skipulagsáætlana sveitarfélaga
Friðlýsing svæðis, þ.m.t. þjóðgarðs, er háð samþykki sveitarfélags og landeiganda

4. Ferli friðlýsingar

Um undirbúning friðlýsingar er fjallað í 38. og 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Friðlýst er einnig á grundvelli framkvæmdaáætlunar náttúruuminjaskrár.²³

Tillögur að friðlýsingum geta komið frá sveitarfélögum, landeigendum, félagasamtökum og hagsmunaaðilum. Auk þess er unnið að friðlýsingum á grundvelli eldri náttúruverndaráætlana og rammaáætlunar. Friðlýsingar sem eru ekki byggðar á framkvæmdaáætlun náttúruuminjaskrár þarfnast samþykkis landeigenda og viðkomandi sveitarfélags. Náttúruverndarstofnun annast undirbúning friðlýsingar á grundvelli náttúruverndarlaga.

Ferli friðlýsingar:



²³ Texti kaflans og skýringarmynd er fenginn úr skýrslunni *Langanes – Úttekt á friðlýsingakostum*, október 2020 (bls. 29-30). https://www.langanesbyggd.is/static/files/Umhverfismal/langanes_fridlysingakostir.pdf, sótt 20. febrúar 2025.

5. Hagræn og samfélagsleg áhrif þjóðgarða

5.1 Rannsóknir

Náttúra Íslands er helsta aðdráttarafl landsins í augum ferðamanna. Þeir vilja heimsækja og upplifa þær fjölmörgu náttúruperlur sem á Íslandi eru. Það er því ekki tilviljun að umgjörð til verndar náttúrunni hefur verið sköpuð um margar af þessum náttúruperlum. Náttúruperlurnar eru þannig margar innan þjóðgarða eða annarra friðlýstra svæða þar sem landvarsla er tryggð, umgjörð um aðgengi er tryggð og innviðir byggðir upp m.t.t. náttúru svæðisins sem og upplifunar og öryggis gesta.

Koma ferðamanna býr til tekjur því þeir leggja út í kostnað við að komast á friðlýstu svæðin og greiða fyrir þjónustu og vörur á svæðunum eða í nærsamfélögum. Undanfarin ár hafa þessi jákvæðu samfélagslegu áhrif verið nefnd í auknum mæli sem rök fyrir stofnun friðlýstra svæða. Rannsókn Jukka Kalervo Siltanen um efnahagsleg áhrif Snæfellsjökulspjóðgarðs dregur fram að áhrifin eru mikil, eða um 3,9 ma.kr. á ári. Heimsóknir gesta í þjóðgarðinn skapa yfir 700 heilsárs- og hlutastörf og yfir 900 m.kr. í skatttekjur. Þá er tekjuskatturinn sem skapast í þjóðgarðinum 14-falt meiri en rekstrarkostnaður hans.²⁴

Þá benda rannsóknir til þess að hagræn áhrif af rekstri þjóðgarða og friðlýstra svæða á Íslandi séu almennt veruleg, þ.e. margfeldisáhrif séu mikil fyrir samfélögin af því fjármagni sem veitt er til rekstrar svæðanna úr ríkissjóði.²⁵

Gögn sýna einnig að heimsóknartölur í þjóðgarða lækka ekki þótt ferðamönnum til ákveðins lands fækki tímabundið. Til dæmis fjölgaði ferðamönnum í Snæfellsjökulspjóðgarð um 12% á sama tíma og fækkun varð á ferðamönnum til landsins í byrjun árs 2024. Dæmi um slíkt má finna víðs vegar um heiminn, m.a. í Póllandi, en gestum fjölgaði í þjóðgöörðum landsins á tímabilinu 2019-2021, þrátt fyrir takmarkanir vegna COVID-faraldursins og fækkun ferðamanna til Póllands vegna hans.²⁶

²⁴ Jukka Kalervo Siltanen (2017). Economic Impact of National Parks in Iceland; Case Study of Snæfellsjökull National Park (M.Sc.-lokaritgerð). Háskóli Íslands, <https://skemman.is/handle/1946/29005>, sótt xx. x xxxx.

²⁵ Hagfræðistofnun (2018). Áhrif friðlýstra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi, skýrsla nr. C18:08, https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/Ahrif_fridlystra_svaeda_5.pdf, sótt xx. x xxxx.

²⁶ Zygmunt Kruczek, Adam R. Szromek, Miłosz Jodłowski, Katarzyna Gmyrek, Karolina Nowak (2023). Visiting national parks during the COVID-19 pandemic - an example of social adaptation of tourists in the perspective of creating social innovations, Journal of Open Innovation: Technology, Market, and Complexity. <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S2199853123001646>

5.2 Möguleg áhrif í nærsamfélagi Þórsmerkur

Fríðlýsing svæða, svo sem með stofnun þjóðgarðs, getur aukið ásókn ferðamanna í viðkomandi staði, sérstaklega ef sveitarfélög, fyrirtæki eða stjórnvöld leggja áherslu á markaðssetningu. Samhliða slíkri fríðlýsingu skapast einnig ákveðin umgjörð sem felst í uppbyggingu nauðsynlegra innviða, aukinni fræðslu og vöktun þar sem hennar er þörf. Auk þess getur fríðlýsing veitt tækifæri til þess að efla svæði sem þarfnast aukinna umsvifa, t.d. í þágu byggðabróunar eða atvinnulífs. Til þess að ná þessum markmiðum og tryggja raunverulegan ávinning af stofnun og rekstri þjóðgarðs á miðhálandinu er nauðsynlegt að tryggja fjármagn, bæði vegna uppbyggingar við stofnun garðsins og áframhaldandi reksturs hans.

Ef Þórsmerkursvæðið yrði gert að þjóðgarði er ljóst að störf yrðu til. Þjóðgarðsverðir eru ráðnir til starfa í þjóðgöörðum og landverðir starfa í þeim eins og á öðrum fríðlýstum svæðum. Störf landvarða eru annaðhvort heilsárstörf eða árstíðabundin og fer það m.a. eftir aðsókn að svæðunum. Þá er landvörðum oft fjölgað yfir álagstíma þótt ákveðinn fjöldi sé fastráðinn.

Ef horft er til reynslu annarra svæða hér á landi, sem og annars staðar, þá er líklegt að ferðamönnum myndi fjölga í Þórsmörk ef svæðið yrði þjóðgarður. Samkvæmt upplýsingum frá Landi og skógi sem nú fer með umsjón með Þórsmörk getur svæðið tekið við meiri fjölda m.t.t. álags á náttúru og stígakerfið, en eins og komið hefur fram, þá hafa sumir lýst áhyggjum af því að aukinn fjöldi ferðamanna geti haft áhrif á upplifun gesta af svæðinu.

Áður hefur komið fram að ríkið hefur styrkt innviðauppbýggingu og viðhald í Þórsmörk í gegnum landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (133 m.kr. frá 2018) og þar áður í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamanna (70 m.kr. 2012-2017). Miðað við þær skoðanir sem komu fram í vinnu starfshóps um mögulega stofnun þjóðgarðs á svæðinu er áhersla á að öll uppbygging í Þórsmörk, hvort sem svæðið verði þjóðgarður eða ekki, sé lágstemmd. Ef um þjóðgarð væri að ræða yrði sótt um fjármagn í þá uppbyggingu í landsáætlun um innviði.

Vænta má að þjóðgarði fylgi uppbygging gestastofu. Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fríðlýst svæði er unnin framkvæmdaáætlun fyrir viðkomandi svæði. Slík áætlun er unnin í samvinnu við sveitarfélagið sem fríðlýsta svæðið er á, Náttúruverndarstofnun, landeigendur og eftir atvikum aðra hagaðila. Uppbygging gestastofu yrði því framkvæmd á grunni þess samkomulags sem næst um framkvæmdaáætlun svæðisins skv. stjórnunar- og verndaráætlun. Gestastofur þurfa ekki að vera staðsettar inni í þjóðgarði og þannig gæti staðsetning slíkrar stofu verið í nágrenni við þjóðgarðinn, t.d. á Hvolsvelli.



6. Tillögur/niðurstaða vinnu starfshóps

Þórsmörk er og verður ein af mögnuðustu náttúruperlum á Íslandi. Það er á ábyrgð okkar að svo megi vera um ókomna tíð. Friðun svæðisins fyrir beit í upphafi 20. aldar hafði jákvæð áhrif á náttúru svæðisins og frá þeim tíma hefur það í heild verið nýtt með mismunandi hætti án þess að náttúran hafi borið af því varanlegan skaða. Með tilkomu staðfestingar á deiliskipulagi fyrir Þórsmörkursvæðið frá 2018 var í fyrsta sinn samþykkt samræmd stefnumörkun fyrir svæðið. Fram að því hafði lítil samræming eða skipulagning varðandi uppbyggingu svæðisins átt sér stað. Það er þó ljóst að betur má ef duga skal. Mikilvægt er til framtíðar að sveitarfélagið, ríki og hagaðilar marki í sameiningu stefnu og framtíðarsýn svæðisins þannig að svæðið verði sjálfbært um ókomna tíð.

Það liggur fyrir eftir þessa umfangsmiklu vinnu starfshópsins að kostir og gallar fylgja því að Þórsmörk verði þjóðgarður. Staðan í Þórsmörk í dag er í nokkuð góðum málum þó svo að samræmd stefna fyrir svæðið liggi ekki fyrir og ýmislegt sem þyrfti að taka föstum tókum varðandi umsjón svæðisins í heild. Aðgengi að náttúruperlunni er oft og tíðum erfitt og takmarkar það því gestafjölda og ágang á svæðinu. Stígagerð og viðhald þeirra er í föstum skorðum á vegum Lands og skógar og hafa aðilar sem eru í rekstri innan svæðisins einnig tekið þátt í sameiginlegum þáttum svæðinu öllu til framdráttar.

Að svo komnu máli telur starfshópurinn ekki tímabært að leggja til við ráðherra að Þórsmörk verði gerð að þjóðgarði, en útilokar þó ekki að ákvörðun um slíkt verði tekin síðar. Á fundum sem starfshópurinn hélt með hinum ýmsu hagaðilum kom ýmislegt fram um kosti, galla og mögulegar áskoranir ef Þórsmörk yrði þjóðgarður. Ljóst er að sú vinna sem hér hefur verið innt af hendi mun nýtast til þess bærum aðilum, sveitarfélagi, ríki, stofnunum og öðrum hagaðilum til áframhaldandi farsællar umsjónar með Þórsmörk.

